

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur ákveðið að sorpgjald á hvert heimili í sveitarfélaginu og einbýlishús í þéttbýli á árinu 2021 verði kr. 46.677 og sorpgjald á hvert frístundahús og einbýlishús í dreifbýli þar sem ekki er heimili verði kr. 24.166.

Íbúar geta óskað eftir að fá fleiri sorpílát að heimilum sínum og greiða þá fyrir sorpílát fyrir almennan úrgang 23.246 kr. og fyrir sorpílát fyrir endurvinnsluúrgang 19.260 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal skal vera með eftirfarandi hætti frá 1. apríl 2021, virðis-aukaskattur innifalinn.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur ákveðið að gefa út klippikort vegna gjaldheimtu á þjónustu söfnunarstöðvar. Allir eigendur fasteigna sem greiða sorphirðugjöld fá klippikort sem gildir í ár fyrir allt að 4 m<sup>3</sup> af úrgangi til þeirra sem greiða sorphirðugjald vegna heimila og einbýlishúsa í þéttbýli og fyrir allt að 2 m<sup>3</sup> af úrgangi til þeirra sem greiða sorphirðugjald vegna frístundahúsa og einbýlishúsa í dreifbýli. Ef kortið dugir ekki út árið má kaupa nýtt. Aukakort verða seld á gámostöðinni og sér skrifstofa sveitarfélagsins um að senda reikning vegna þeirra. Verð á aukakortum fyrir 2021 er 12.000 kr. fyrir hvert 4 m<sup>3</sup> kort og 6.000 kr. fyrir hvert 2 m<sup>3</sup> kort. Gjaldskrá er ákveðin af sveitarstjórn hverju sinni. Aukakort gilda þar til þau eru fullnýtt óháð ártali.

Tekið er á móti úrgangi s.s. spilliefnum, rafeindabúnaði/raftækjum, bylgjupappa, hjólbörðum, rúlluplasti, sparperum, flúrperum og fatnaði án endurgjalds.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 14. janúar 2021 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1495/2020.

*Búðardal, 14. janúar 2021.*

**Kristján Sturluson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2021